

Efni: Viðbótarumsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. mars 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál. Nánar til tekið er Barnaverndarstofu gefið tækifæri á að veita umsögn um tillögur velferðarnefndar til breytinga á frumvarpinu í þeim tilgangi að tryggja sérfræðiþekkingu á barnaverndarmálum hjá nefndinni. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillögurnar.

Líkt og fram kemur í fyrri umsögn Barnaverndarstofu um frumvarpið, dags. 6. nóvember 2014, þá eru fá verkefni innan stjórnáráðsinnar viðkvæmari og sérhæfðari en barnaverndarmál. Vinnsla þeirra kallar á mjög sérhæfða þekkingu og bendir Barnaverndarstofa t.a.m. á að þekking á stjórnáráðsrettum eða mannréttindum er almennt ekki nægileg heldur þarf til viðbótar að koma sérstök þekking á séreðli barnaverndarmála og þeim sérstöku málsmeðferðarreglum sem gilda um vinnslu barnaverndarmála. Í þessu sambandi leyfir Barnaverndarstofa sér að benda á að á vegum stofunnar er verið að vinna rannsókn um samspil stjórnáráðsreglna og grundvallarréttinda í barnaverndarmálum. Eitt af því sem umrædd rannsókn hefur leitt í ljós að almenn þekking þeirra lögmanna sem koma að málum fyrir dómi f.h. aðila barnaverndarmáls virðist ekki vera fullnægjandi til þess að lögmennirnir geti bent á brot á málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga þrátt fyrir að þeir sem þekkingu hafa á barnaverndarlöggjöfinni geti glögglega séð misfellur í málsmeðferð hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.

Rétt er að vekja athygli velferðarnefndar á því að barnaverndarmál eru í grundvallaratriðum eðlisólík öðrum málum sem fyrirhuguð úrskurðarnefnd velferðarmála mun taka til skoðunar. Flest málin munu varða einhvers konar félagslega aðstoð eða rétt, sem í grunninn eru byggð á 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Barnaverndarmál varða annars konar grundvallarréttindi, þ.e. samspil friðhelgi heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, og réttar barns til verndar og umönnunar, sbr. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Til viðbótar þarf í barnaverndarmálum að liggja sérþekking á málefnum barna, getu þeirra til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sérþekking varðandi hagsmuni barns og það sem því er fyrir bestu auk þekkingar á réttindum barna, m.a. hvernig þau birtast í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Því er mikilvægt að á æðra stjórnáráðslustigi liggi ekki minni þekking á framangreindum þáttum en hjá barnaverndarnefndum og slíkt kallar á að hjá hinu æðra stjórnvaldi séu fleiri en einn sérfræðingur með ólíkan bakgrunn, menntun og þekkingu varðandi börn og barnavernd.

Það er mat Barnaverndarstofu, m.a. með hliðsjón af því sem framan er rakið, að veruleg ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af því þekking á séreðli og –reglum sem gilda í barnaverndarmálum verði ekki ráðandi á æðra stjórnáráðslustigi verði verkefni kærunefndar barnaverndarmála færð inn í sameiginlega úrskurðarnefnd um velferðarmál. Þrátt fyrir að tillögur velferðarnefndar séu sannarlega til bóta þá breytir það ekki þeirri staðreynd að verið er að hverfa frá kerfi þar sem allir sem skipaðir eru í kærunefnd sem og starfsmaður nefndarinnar hafa áralanga reynslu af barnaverndarmálum til kerfis þar sem eingöngu einn

nefndarmaður á að hafa þekkingu á sviðinu. Getur Barnaverndarstofa þannig ekki mælt með því að kærunefnd barnaverndarmála verði lögð niður og verkefni hennar færð inn í nýja úrskurðarnefnd um velferðarmál.

Að lokum áréttar Barnaverndarstofa að á árinu 2013 lögfesti Alþingi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Er í 3. gr. samningsins kveðið á um skyldu þeirra sem gera ráðstafanir varðandi börn um að setja það sem barni er fyrir bestu í forgang og eru löggjafarstofnanir sérstaklega tilgreindar í ákvæðinu. Bendir Barnaverndarstofa á að það er ekkert í frumvarpinu eða tillögum velferðarnefndar til breytinga á því sem bendir til þess að umræddar breytingar séu til hagsbóta fyrir börn og þeirra málefni, sbr. það sem rakið hefur verið að framan. Barnaverndarstofa fær þannig ekki séð að frumvarpið uppfylli skilyrði 3. gr. samningsins.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu